


Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1006
komudagur 17.2.2003



LANDVERND

Ránargata 18
101 Reykjavík
Sími: 552 5242
Fax: 562 5242
Netfang: landvernd@landvernd.is
Veffang: www.landvernd.is

Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið / Eva Margrét Ævarsdóttir
150 Reykjavík

12. febrúar 2003

Efni: Frumvarp til laga um verndun hafs og stranda, ^{246.}40 mál.

Vísað er í bréf Alþingis dagsett 10. desember 2002.


Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands hafa áður komið á framfæri athugasemdum við þetta frumvarp. Þær athugasemdir virðast flestar vera enn í fullu gildi (sjá bréf samtakanna til umhverfisnefndar dagsett 12. mars 2002).

Landvernd vill ítreka þá óska að Alþingi geri eina mikilvæga grundvallabreytingu á frumvarpinu. Í 8. gr. er fjallað um bann við losun í hafið. Landvernd telur skynsamlegt að lögin **byggja á þeirri grundvallareglu að öll losun í hafið sé bönnuð** og tilgreint sé sérstaklega hvaða undanþágur eru veittar frá þessari meginreglu. Jafnframt yrði stjórnvöldum heimilað að veita undanþágu við tilteknar aðstæður.

Þá viljum við nota tækifærið til að leggja til að í 13. gr. verði bætt við einum lið um hlutverk svæðisráða þess efni að ráðin skuli sjá til þess að allar hafnir geri sér áætlun um hvernig skuli bregðast við mengunarslysum og öðrum óhöppum.

Að lokum viljum við benda á ákvæði í 20 gr. þar sem segir að í vissum tilvikum sé hægt að sækja um að skipsflök fái að liggja óhreyfð. Í tilvikum af þessu tagi telur Landvernd að veita eigi almenningi rétt til að gera athugasemdir með svipuðum hætti og þegar breytingar á skipulagi eru til umfjöllunar.

Virðingarfyllst,


Tryggvi Felixson

framkvæmdastjóri Landverndar